

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 28. janúar 2022.

Mál nr. 127/2021:

A

(*Haukur Freyr Axelsson lögmaður*)

gegn

B

(*Andri Andrason lögmaður*)

Lykilorð

Líkamstjón. Skaðabætur. Árslaun.

Útdráttur

A krafði B um skaðabætur vegna líkamstjóns sem hún kvaðst hafa orðið fyrir í starfi sínu hjá B. Héraðsdómur taldi að A hefði tekist sönnun um að atvik hefðu orðið með þeim hætti sem hún byggði á. B undi við þá niðurstöðu en eftir stóð ágreiningur aðila um bætur fyrir varanlega örorku af völdum slyssins, það er hvort við ákvörðun bóta skyldi miða við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða hvort meta skyldi árslaun sérstaklega samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Í dómi Landsréttar var rakið að A hafi verið komin í nánast fulla vinnu við almenn störf sem ekki krefðust sérstakrar menntunar þegar tjónsatburðurinn varð. Því yrði litið svo á að A hefði nýtt mestan hluta starfsgetu sinnar á vinnumarkaði þegar hún varð fyrir tjóninu en fyrir þann tíma hafi hún aftur á móti haft takmarkaða atvinnusögu enda ung að árum. Væru aðstæður hennar því óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þótti rétt að leggja meðalárslaun verkafólks árið 2014 til grundvallar ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku A.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 26. febrúar 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Vestfjarða 2. febrúar 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 30.217.044 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.222.145 krónum frá [...] 2014 til [...] 2015 og af 30.217.044 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð 5.544.380 krónur 22. október 2019 og frá

Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð 2.256.220 krónur 13. desember 2019. Til vara krefst áfrýjandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 29.514.300 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga af 3.224.645 krónum frá [...] 2014 til [...] 2015 og af 29.514.300 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum frá Tryggingamiðstöðinni hf. og Sjúkratryggingum Íslands eins og að framan greinir. Að því frágengnu krefst áfrýjandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 29.113.260 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga af 3.256.625 krónum frá [...] 2014 til [...] 2015 og af 29.113.260 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum frá Tryggingamiðstöðinni hf. og Sjúkratryggingum Íslands eins og að framan greinir. Að öðrum kosti krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Landsrétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ágreiningur aðila fyrir Landsrétti er afmarkaður við það hvaða árslaun skuli leggja til grundvallar við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku áfrýjanda. Áfrýjandi byggir á því að árslaun skuli metin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefndi telur aftur á móti að miða beri við lágmarkstekjur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna. Málsástæðum aðila hvað þetta varðar er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í greinargerð sinni til Landsréttar byggir áfrýjandi til viðbótar á þeirri málsástæðu að uppreiknaðar tekjur hennar síðustu mánuðina fyrir tjónsatburð hafi verið mun hærri en lágmarkstekjur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og í nokkru samræmi við meðallaun verkamanna árið 2015 sem og þær tekjur sem áfrýjandi hafi haft síðan. Séu meðallaun verkamanna árið 2015 því réttur mælikvarði á tjón áfrýjanda.
- 5 Eftir að áfrýjandi skilaði greinargerð til Landsréttar breytti hún kröfugerðinni í málinu og bætti fyrstu varakröfu sinni við þær kröfur sem áður höfðu verið settar fram í áfrýjunarstefnu. Kveður áfrýjandi nýju kröfuna byggða á sömu forsendum og málsástæðum og aðalkröfu sína í málinu en miðaða við launatekjur hennar árið 2014, uppreiknaðar að batahvörfum, að viðbættu 10% framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Þar sem enginn sérstakur launamælikvarði sé til fyrir þá starfsstétt sem áfrýjandi tilheyrði á tjónsdegi beri í samræmi við dómaframkvæmd að leggja tekjur hennar árið 2014 til grundvallar við útreikning varanlegrar örorku. Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála mótmælir stefndi því að hin nýja krafa komist að við meðferð málsins.
- 6 Hin nýja varakrafa áfrýjanda rúmast innan aðalkröfu hennar. Hún byggir aftur á móti á málsástæðu um að leggja beri tekjur áfrýjanda árið 2014 til grundvallar við ákvörðun

bóta fyrir varanlega örorku sem ekki var höfð uppi í greinargerð hennar til Landsréttar. Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 kemst sú málsástæða ekki að við úrlausn málsins.

- 7 Fyrir Landsrétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, meðal annars launaseðlar áfrýjanda vegna tímabilsins frá 1. mars til 31. október 2014, yfirlit yfir námsframvindu áfrýjanda við [...], tilkynning til launadeildar stefnda 12. september 2014 og ráðningarsamningar milli áfrýjanda og stefnda 14. mars 2014, 15. maí 2014 og 4. júní 2015.
- 8 Af námsferli áfrýjanda hjá [...] verður ráðið að hún hafi aðeins að hluta til stundað þar nám á námsárunum 2013 til 2014 og 2014 til 2015. Jafnframt er ljóst að hún stundaði ekki nám eftir haustönn 2014. Samkvæmt framlögðum ráðningarsamningum aðila réði áfrýjandi sig í tímavinnu á [...] á vegum stefnda 14. mars 2014 en í 100% starfshlutfall við sumarafleysingar frá 1. maí til 31. ágúst sama ár. Samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi aðila 4. júní 2015 var áfrýjandi síðan ráðin í 95% starf „til frambúðar“ á sama [...] frá og með 1. september 2014. Hið sama kemur fram á framlagðri tilkynningu til launadeildar stefnda 12. september 2014. Var áfrýjandi því komin í nánast fulla vinnu við almenn störf sem ekki krefjast sérstakrar menntunar þegar tjónsatburðurinn varð [...] 2014.
- 9 Samkvæmt framangreindu verður litið svo á að áfrýjandi hafi nýtt mestan hluta starfsgetu sinnar á vinnumarkaði þegar hún varð fyrir tjóni [...]2014. Fyrir þann tíma hafði hún aftur á móti takmarkaða atvinnusögu enda ung að árum. Eru aðstæður hennar því óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þannig að mælikvarði 1. mgr. 7. gr. laganna á líklegar framtíðartekjur á ekki við.
- 10 Í ljósi alls hins framangreinda þykir rétt að leggja meðalárslaun verkafólks árið 2014 til grundvallar ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku áfrýjanda, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 23. október 2003 í máli nr. 200/2003 og 28. september 2006 í máli nr. 26/2006. Að því gættu og í ljósi þess að kröfugerð áfrýjanda er að öðru leyti óumdeild verður fallist á aðra varakröfu hennar.
- 11 Ákvæði hins áfrýjanda dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verða staðfest.
- 12 Stefnda verður gert að greiða málskostnað fyrir Landsrétti sem rennur í ríkissjóð. Um þann kostnað og gjafsóknarkostnað áfrýjanda fyrir Landsrétti fer eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, B, greiði áfrýjanda, A, 29.113.260 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.256.625 krónum frá [...] 2014 til [...] 2015 og af 29.113.260 krónum frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð

5.544.380 krónur 22. október 2019 og frá Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð 2.256.220 krónur 13. desember 2019.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað í héraði skulu vera öröskuð.

Stefndi greiði 800.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti sem rennur í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaþóknun lögmanns hennar, Hauks Freys Axelssonar lögmanns, 800.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 2. febrúar 2021

Mál þetta, var höfðað 29. maí 2020 af A á hendur B og dómtekið 8. janúar 2021.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 30.217.044,- með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af kr. 3.222.145,- frá [...] 2014 til [...] 2015 og af kr. 30.217.044,- frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádreginni greiðslu frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð kr. 5.544.380,- þann 22. október 2019 og að frádreginni greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð kr. 2.256.220 þann 13. desember 2019.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 29.113.260,- með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af kr. 3.256.625,- frá [...] 2014 til [...] 2015 og af kr. 29.113.260,- frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádreginni greiðslu frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð kr. 5.544.380,- þann 22. október 2019 og að frádreginni greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð kr. 2.256.220 þann 13. desember 2019.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 16.562.112,- með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af kr. 3.256.625,- frá [...] 2014 til [...] 2015 og af kr. 16.562.112,- frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádreginni greiðslu frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð kr. 5.544.380,- þann 22. október 2019 og að frádreginni greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð kr. 2.256.220 þann 13. desember 2019.

Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Þá er þess krafist að tekið verði tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflytningaþóknun.

Stefndi, B, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

I

Yfirlit yfir málsatvik og helstu ágreiningsefni

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir í starfi sínu í [...] stefnda þann [...] 2014. Stefnandi vann þá í hlutastarfi við [...]. Stefnandi kveðst byggja á því að umrætt kvöld hafi nefndur þjónustunotandi ráðist á hana með höggum og spörkum og tekið hana hálstaki með þeim afleiðingum að stefnandi varð fyrir varanlegu líkamstjóni á háls hrygg og baki auk þess sem hún hafi orðið fyrir varanlegu andlegu tjóni. Stefnandi mótmælir þeirri atvikalýsingu stefnanda sem rangri og ósannaðri.

Stefndi kveðst fyrst hafa verið upplýstur um atvik og meiðsli stefnanda tæpu ári eftir atvikið eða um miðjan september 2015 og þá hafi Sjúkratryggingum Íslands og Vinnueftirliti verið tilkynnt um atvikið.

Stefnandi óskaði eftir afstöðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda með bréfi dags. 27. febrúar 2017 og vísaði um meinta skaðabótaábyrgð stefnda til ákvæðis 7.4.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga frá árinu 2011. Tryggingamiðstöðin hf. hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda en tók ekki afstöðu til þess hvort stefndi gæti borið skaðabótaábyrgð á grundvelli nefnds kjarasamningsákvæðis. Ákvæðið mætti skilja á þann veg að í því fælist hlutlæg ábyrgð vátryggingartaka á gjörðum vistmanna, en slík ábyrgð fælist ekki í ábyrgðartryggingu stefnda hjá félaginu, sem að meginstefnu yrði að byggjast á sök vátryggingartaka.

Af hálfu stefnda var því hafnað með bréfi dagsettu 5. janúar 2018 að ákvæði 7.4.1 í kjarasamningnum fæli í sér hlutlæga bótaábyrgð stefnda auk þess sem ekkert lægi fyrir um meint tjón stefnanda, umfang þess eða að hvaða marki það hefði fengist bætt.

Stefnandi aflaði einhliða mats á meintu tjóni sínu og þann 18. október 2019 skiluðu matsmennirnir C lækni og D lögmaður álit sínu. Töldu matsmenn orsakatengsl vera milli slysatburðarins [...] 2014 og einkenna stefnanda frá háls-, brjóst- og lendahrygg og kvíða hennar. Stöðugleikapunkti hefði verið náð þann [...] 2015. Tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. skbl. hefði verið að fullu (100%) frá [...]2014 til 30. nóvember 2014, en að hluta (10%) frá 1. desember 2014 til [...]2015. Tímabil þjáningabóta samkvæmt 3. gr. skbl. töldu matsmenn vera frá [...]2014 til [...]2015. Þá var það niðurstaða matsins að varanlegur miski stefnanda samkvæmt 4. gr. skbl. næmi 25 stigum, en ekki væri ástæða til að meta miska umfram miskatöflu í tilviki stefnanda. Varanlega örorku stefnanda, skv. 5. gr. skbl., töldu matsmenn hæfilega metna 25%.

Þann 22. október 2019 greiddi Tryggingamiðstöðin hf. stefnanda bætur úr slysatryggingu launþega, 5.544.380 krónur, og þá fékk stefnandi greiðslur úr Sjúkratryggingum Íslands, 2.256.220 krónur, 13. desember 2019.

Með bréfi dagsettu 30. október 2019 setti stefnandi fram kröfu sína um bætur úr hendi stefnda og vísaði þar um ábyrgð stefnda á tjóni stefnanda til nefnds kjarasamningsákvæðis.

Stefndi hafnaði kröfunni með bréfi dags. 3. febrúar 2020 og taldi ekki hafa verið sýnt fram á að skilyrði bótaábyrgðar stefnda væru fyrir hendi, ekki nægði að vísa til ákvæðis 7.4.1 í kjarasamningi í því skyni. Fyrirvari var gerður við niðurstöðu matsmanna hvað varðaði orsakatengsl milli atburðarins [...]2014 og þeirra einkenna stefnanda á árinu 2019 sem matið laut að auk þess sem stefnda hefði ekki gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna við matið.

Að svo komnu máli höfðaði stefnandi mál þetta.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á hendur stefnda á grein 7.4.1 í kjarasamningi Samflots og SÍS sem gildi tók í maí 2011 og hafði verið framlengdur til ársins 2015 á slysdagi, en um starfskjör stefnanda hjá stefnda hafi farið samkvæmt þessum kjarasamningi.

Stefnandi kveðst byggja á því að samkvæmt nefndu kjarasamningsákvæði eigi starfsmaður, sem sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geti borið ábyrgð á gerðum sínum, rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda.

Stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni þann [...]2014 við starfa sinn í [...] stefnda. Þjónustunotandi hafi umrætt kvöld ráðist á stefnanda með höggum og spörkum og tekið hana hálstaki. Allt með þeim afleiðingum að stefnandi hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni á háls hrygg og baki auk varanlegs andlegs tjóns. Stefnandi kveðst byggja á því að viðkomandi þjónustunotandi hafi að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti ráðið gerðum sínum sökum ástands síns. Atburðurinn falli undir ofangreint kjarasamningsákvæði og stefnandi eigi því rétt til skaðabóta úr hendi stefnda sem launagreiðanda við tjónsatburð í skilningi ákvæðisins.

Þá kveðst stefnandi vísa máli sínu til stuðnings til sérstakrar bókunar við kjarasamninginn, bókunar 13, þar sem vikið er að ákvæði greinar 7.4.1. En þar segi m.a. orðrétt: „*Aðilar eru sammála um að tilefni sé til að bæta og tryggja rétt þeirra starfsmanna sem slasast við að sinna eða hafa afskipti af fólki sem að*

takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Ljóst er að félagsmenn Samflots [...] þurfa í mörgum tilfellum að umgangast og vera innan um fólk sem ekki gengur að öllu leyti heilt til skógar eða getur verið sjálfum sér og öðrum hættulegt. Hluti af starfsskyldum þessara starfsmanna getur falist í því að grípa inn í og stöðva hættulegt atferli hjá viðkomandi. Komið geta upp aðstæður þar sem slíkt verður ekki gert án þess að viðkomandi starfsmaður setji sjálfan sig í ákveðna hættu á því að slasast við framkvæmd starfs síns. Þekkt eru dæmi þess að starfsmenn hafa orðið fyrir áverkum í slíkum tilfellum.

Þá er jafnframt ljóst að auknar líkur eru á því að starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður verði fyrir árás af hendi þeirra sem þeim er ætlað að hafa umsjón eða eftirlit með. Rétt þykir að tryggja þessum starfsmönnum bótarétt vegna þess tjóns sem þeir þannig verða fyrir.

Aðilar eru sammála um að hefðbundin skilgreining á því hvað sé slys í skilningi váttryggingaréttar og tryggingaskilmála (óvæntur utanaðkomandi atburður) eigi ekki við í öllum tilfellum í störfum ofangreindra starfsmanna. Þannig geta komið upp tilfelli þar sem starfsmaður þarf vísitandi að leggja líf sitt og heilsu í hættu vegna þess að starf hans beinlínis krefst þess. Því er í ákvæði greinar 7.4.1 lagt til að starfsmaður fái bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns við þessar aðstæður. Um lækun bóta vegna eigin sakar starfsmanns og ákvörðun bótafjárhæðar að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Með grein 7.4.1 er kveðið á um sambærilega bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögreglumenn samkvæmt 30. grein lögreglulaga.“

Kveðst stefnandi, með hliðsjón af framangreindu, byggja á því að í grein 7.4.1 í kjarasamningi Samflots og SÍS sé kveðið á um hlutlæga ábyrgð launagreiðanda.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að með fyrrgreindu kjarasamningsákvæði taki launagreiðandi á sig skyldu til að bæta starfsmönnum líkams- og munatjón sem þeir hefðu ella þurft að bera sjálfir eða sækja á hendur þjónustunotanda/sjúklingi á grundvelli grunnreglu 8. kafla Mannhelgisbálks Jónsbókar eða eftir atvikum á grundvelli sakarreglunnar.

Stefnandi kveðst byggja á því að háttsemi þjónustunotandans umrætt sinn hafi bæði verið saknæm og ólögmat í skilningi sakarreglunnar út frá hlutlægu sjónarhorni og líkamstjón stefnanda sennileg afleiðing af hegðuninni. Ef talið verði að þjónustunotandinn hafi einungis getað borið ábyrgð á gerðum sínum að takmörkuðu leyti hvíli skaðabótaábyrgð hans á grundvelli sakarreglunnar.

Stefnandi kveður dómkröfur sínar byggjast á því að stefnda beri að greiða stefnanda fullar skaðabætur vegna líkamstjóns hennar sem skuli taka mið af matsgerð C læknis og D, þar sem varanleg örorka stefnanda vegna slyssins sé metin 25% og varanlegur miski 25 stig. Þá hafi tímabil þjáningabóta verið frá [...]2014 til [...]2015.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar nánar með eftirfarandi hætti:

Aðalkrafa:

| | |
|--|------------------|
| Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. | kr. 394.020.- |
| Dagar án rúmlegru 199*kr. 1.980 | |
| Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. (25 stig) 25% af kr. 11.312.500 | kr. 2.828.125.- |
| Varanleg örorka skv. 5. gr. skbl. (25%) Árslaun kr. 6.181.920*17,467000*25% | kr. 26.994.899.- |

Heildarbætur:

kr. 30.217.044.-

Þjáningabætur kveðst stefnandi reikna skv. ákvæði 3. gr. skbl. að teknu tilliti til þeirra verðbreytinga (vísitölubreytinga) sem um getur í 15. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir varanlegan miska kveðst stefnandi reikna á grundvelli 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 15. gr. laganna.

Stefnandi kveðst við útreikning bóta fyrir varanlega örorku í aðalkröfu byggja á meðaltekjum verkafólks árið 2015, samkvæmt upplýsingum Hagstofu, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga enda óvenjulegar aðstæður fyrir hendi. Stefnandi hafi verið ung að árum á tjónsdegi með stutta tekjusögu en

hún hafi fram að því verið í hlutastarfi við [...] með námi í menntaskóla. Á viðmiðunarárunum 2011-2013 hafi stefnandi haft litlar sem engar tekjur, enda verið í menntaskóla á þessum tíma. Einu störf stefnanda á þessum árum hafi verið sumarstörf [...] og [...]. Í ljósi þessa og aðstæðna allra sé ekki unnt að leggja til grundvallar bótauppgjóri meðaltekjur síðastliðinna þriggja almanaksára fyrir slysið, eins og boðað sé í 1. mgr. 7. gr. laganna. Verði því að meta tekjur stefnanda sérstaklega með vísan til 2. mgr. sömu lagagreinar, en eðlilegt og sanngjarnt sé að leggja til grundvallar bótauppgjóri meðaltekjur verkafólks. Stefnandi hafi enga sérstaka menntun og hafi alla tíð starfað í almennum störfum og því eðlilegt að leggja þann mælikvarða til grundvallar. Meðallaun verkafólks árið 2015 þyki réttur mælikvarði, enda stefnandi þá hætt í námi og komin í fulla vinnu hjá [...] og hafði þá fest sig í sessi á vinnumarkaði.

Stefnandi kveður árslaun verkafólks árið 2015 hafa numið kr. 5.724.000 (477.000 * 12). Að viðbættu 8% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin kr. 6.181.920.- (5.724.000*1,08). Útreikningur kröfu vegna varanlegrar örorku taki mið af margföldunarstuðli 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Varakrafa:

| | |
|---|------------------|
| Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. <i>Dagar án rúmlegu 199*kr. 2000</i> | kr. 398.000.- |
| Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. (25 stig) <i>25% af kr. 11.434.500</i> | kr. 2.858.625.- |
| Varanleg örorka skv. 5. gr. skbl. (25%) <i>Árslaun kr. 5.921.254*17,467000*25%</i> | kr. 25.865.635.- |

Heildarbætur:

kr. 29.113.260.-

Varakröfu sína kveður stefnandi byggða á sömu forsendum og aðalkrafa að því undanskildu að vegna vísitölubreytinga hafi þjáningabætur og bætur vegna varanlegs miska hækkað lítillega. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku sé í varakröfu byggt á meðaltekjum verkafólks árið 2014, samkvæmt upplýsingum Hagstofu, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga enda óvenjulegar aðstæður fyrir hendi. Varðandi óvenjulegar aðstæður á viðmiðunartímabilinu vísar stefnandi til sömu sjónarmiða og áður. Eðlilegt og sanngjarnt sé að leggja meðaltekjur verkafólks árið 2014 til grundvallar bótauppgjóri ef ekki verði fallist á árslaunaviðmið samkvæmt aðalkröfu. Stefnandi hafi á því ári verið í námi með fullri vinnu sem ófaglærð við [...] hjá stefnda.

Stefnandi kveður árstekjurnar að meðtöldu 8% framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs hafa verið leiðréttar samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við (stöðugleikatímamark). Árslaun verkafólks á slysi hafi þá numið kr. 5.268.000 (439.000*12). Uppreiknuð til stöðugleikapunkts og að viðbættu 8% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda nemi fjárhæðin kr. 5.921.254.- (5.268.000/483,5*503,2*1,08). Miðað sé við meðaltal vísitölu launa fyrir árið 2014 (483,5) og vísitölu launa í apríl 2015 (503,2). Útreikningur kröfu vegna varanlegrar örorku taki mið af margföldunarstuðli 6. gr. skbl.

Prautavarakrafa:

| | |
|--|------------------|
| Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. <i>Dagar án rúmlegu 199*2000</i> | kr. 398.000.- |
| Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. (25 stig) <i>25% af kr. 11.434.500</i> | kr. 2.858.625.- |
| Varanleg örorka skv. 5. gr. skbl. (25%) <i>Árslaun kr. 3.047.000*17,467*25%</i> | kr. 13.305.487.- |

Heildarbætur:

kr. 16.562.112.-

Prautavarakröfu sína kveður stefnandi byggja á sömu forsendum og aðal- og varakröfu að frátöldum bótum vegna varanlegrar örorku sem taki mið af lágmarkstekjuviðmiðum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Lágmarkslaun á stöðugleikapunkti nemi kr. 3.047.000.- (1.200.000 * 8.334/3.282) að teknu tilliti til 15.

gr., sbr. 29. gr., skaðabótalaga nr. 50/1993. Útreikningur kröfu vegna varanlegrar örorku taki mið af margföldunarstuðli 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi kveðst í samræmi við 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 draga greiðslur úr slysatryggingu launþega stefnda hjá Tryggingamiðstöðinni hf. frá skaðabótakröfu stefnanda í aðal-, vara- og þrautavarakröfu. Tryggingamiðstöðin hf. hafi greitt stefnanda 5.544.380 kr. þann 22. október 2019. Þá dragist frá skaðabótakröfu í aðal-, vara- og þrautavarakröfu bótagreiðsla frá Sjúkratryggingum Íslands til stefnanda að fjárhæð kr. 2.256.220 þann 13. desember 2019.

Þá kveðst stefnandi í aðal-, vara og þrautavarakröfu gera kröfu um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, vegna þjáningabóta og varanlegs miska frá tjónsdegi þann [...]2014 til [...]2015 þegar stöðugleikatímamarki var náð og einnig vegna varanlegrar örorku frá stöðugleikatímamarki til 30. nóvember 2019, þegar mánuður var liðinn frá því að krafa stefnanda og öll nauðsynleg gögn í málinu voru send stefnda.

Þá er í aðal-, vara- og þrautavarakröfu krafist dráttarvaxta skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, vegna allra bóталиða frá 30. nóvember 2019, þegar mánuður var liðinn frá þeim degi er krafa stefnanda var send stefnda og til greiðsludags.

III

Málsástæður stefnda

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki séu uppfyllt skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda á grundvelli ákvæðis gr. 7.4.1 í nefndum kjarasamningi, eða öðrum grundvelli.

Ákvæði gr. 7.4.1 í kjarasamningi feli ekki í sér hlutlaga ábyrgð launagreiðanda. Slík hlutlæg bótaábyrgð þurfi að eiga sér stoð í lögum. Kveðst stefndi byggja á því að í ákvæðinu felist ekki annað og meira en skaðabótaábyrgð launagreiðanda á grundvelli almennu skaðabótareglunnar, þ.e. sakarreglunnar, eða eftir atvikum reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Ekkert liggja fyrir um sök stefnda eða starfsmanna stefnda á meintu tjóni stefnanda. Bókun í kjarasamningi, þar sem vísað er til þess að með ákvæðinu sé „kveðið á um sambærilega bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögreglumenn samkvæmt 30. gr. lögreglulaga“, fái engu breytt í þessu samhengi.

Þá kveðst stefndi, verði talið að í kjarasamningsákvæðinu felist hlutlæg ábyrgð, byggja á því að skilyrði ákvæðisins séu ekki uppfyllt að öðru leyti. Því er jafnframt mótmælt af hálfu stefnda að orsaka- eða afleiðingatengsl séu á milli þess atviks sem stefnandi kveður hafa valdið meintu tjóni sínu og meints tjóns.

Stefndi kveðst mótmæla því að atvik við störf stefnanda þann [...]2014 hafi verið með þeim hætti sem stefnandi lýsir, auk þess sem því er mótmælt að orsakatengsl séu á milli þess atviks og þess tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir eða að meint tjón teljist sennileg afleiðing þess. Meintu tjóni og fjárhæð bótaábyrgðar stefnanda er jafnframt mótmælt, meðal annars á grundvelli sönnunarskorts. Sönnunarbyrðin um öll framangreind atriði hvíli á stefnda.

Þá kveðst stefndi byggja á því að fyrirliggjandi matsgerð verði ekki lögð til grundvallar sem fullnægjandi sönnun fyrir tjóni stefnanda og/eða orsakatengslum. Stefndi hafi ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd matsins og niðurstaða matsgerðar, þ. á m. um orsakatengsl, virðist byggja á einhliða frásögn og fullyrðingum stefnanda. Þá sé matsgerðin haldin þeim annmarka að í henni virðist ekki tekið tillit til þess að frá atvikinu í [...] 2014, þar til mat fór fram í september/október 2019 gekk stefnandi með tvö börn, fædd [...] og [...]. Eins virðist í matsgerð ekki tekið tillit til þess að þrátt fyrir að stefnandi hafi leitað til heilsugæslu fljótlega eftir meint atvik hafi stefnandi ekki upplýsti yfirmenn sína hjá stefnda um meint atvik og líkamleg eymsl sín fyrr en tæpu ári síðar. Þá hafi stefnandi ekki aflað sér áverkavottorðs fyrr en um sama leyti. Þá sé í matsgerðinni ekkert litið til þess, að því er virðist, hvort önnur atvik eða hegðun stefnanda á tímabilinu frá október 2014 og til matsskoðunar á árinu 2019 kunni að hafa valdið meintu tjóni eða átt þátt í því. Með vísan til framangreinds kveðst stefndi mótmæla niðurstöðum matsgerðarinnar, um orsakatengsl, varanlegan miska og varanlega örorku.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda kveðst stefndi krefjast þess að við útreikning bóta til handa stefnanda verði tekið mið af lágmarkstekjuviðmiðum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sbr. þrautavarakröfu stefnanda. Ekki séu fyrir hendi forsendur til að miða við meðaltekjur verkafólks, eins og krafist er í aðal- og varakröfu stefnanda, og það sé í öllu falli ósannað af hálfu stefnanda að það tekjuviðmið teljist réttur mælikvarði, eins og atvikum sé háttáð. Jafnvel þótt fallist yrði á með stefnanda að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður, í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna, beri samt sem áður að miða við lágmarkstekjuviðmið 3. mgr. 7. gr. laganna. Verði gegn mótmælum stefnda talið að miða beri við meðaltekjur verkafólks þá beri að miða við árið 2014, sbr. varakröfu stefnanda. Einnig kveðst stefndi byggja á því að lækka beri bótakröfu stefnanda, hvort sem er skv. aðal-, vara- eða þrautavarakröfu, á grundvelli meðábyrgðar stefnanda. Stefndandi hafi snemma hætt sjúkrahjálfun og sálfræðiaðstoð sem henni var þó ráðlögð, en slík meðferð hefði stuðlað að takmörkun meints tjóns stefnanda.

IV

Forsendur og niðurstaða

Kröfu sinni um skaðabætur beinir stefndandi að stefnda á grundvelli greinar 7. 4.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga, sem tók gildi í maí 2011 og hafði verið framlengdur til ársins 2015 á slysdagi. Ekki er ágreiningur með aðilum um að sá kjarasamningur átti við um kjör stefnanda í starfi hjá stefnda. Kjarasamningsákvæðið er eftirfarandi: „*Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.*“

Í bókun 13 með kjarasamningnum segir: „*Aðilar eru sammála um að tilefni sé til að bæta og tryggja bótarétt þeirra starfsmanna sem slasast við að sinna eða hafa afskipti af fólki sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Ljóst er að félagsmenn Samflots [...] þurfa í mörgum tilvikum að umgangast og vera innan um fólk sem ekki gengur að öllu leyti heilt til skógar eða getur verið sjálfum sér eða öðrum hættulegt. Hluti af starfsskyldum þessara starfsmanna getur falist í að grípa inn í eða stöðva hættulegt atferli hjá viðkomandi. Komið geta upp aðstæður þar sem slíkt verður ekki gert án þess að viðkomandi starfsmaður setji sjálfan sig í ákveðna hættu á að slasast við framkvæmd starfs síns. Þekkt er að starfsmenn hafa orðið fyrir áverkum í slíkum tilvikum.*

Þá er jafnframt ljóst að auknar líkur eru á að starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður verði fyrir árás af hendi þeirra sem þeim er ætlað að hafa umsjón eða eftirlit með. Rétt þykir að tryggja þessum starfsmönnum bótarétt vegna þess tjóns sem þeir þannig verða fyrir.

Aðilar eru sammála um að hefðbundin skilgreining á því hvað sé slys í skilningi vátryggingarréttar og tryggingarskilmála (óvæntur utanaðkomandi atburður) eigi ekki við í öllum tilfellum í störfum ofangreindra starfsmanna. Þannig geta komið upp tilfelli þar sem starfsmaður þarf vísitandi að leggja líf sitt og heilsu í hættu vegna þess að starf hans beinlínis krefst þess. Því er í ákvæði greinar 7.4.1 lagt til að starfsmaður fái bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns við þessar aðstæður. Um lækun bóta vegna eigin sakar starfsmanns og ákvörðun bótafjárhæðar að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Með grein 7.4.1 er kveðið á um sambærilega bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögreglumenn samkvæmt 30. gr. lögregluglaga.“

Að virtu orðalagi greinar 7.4.1 og bókunar 13 með kjarasamningnum verður ekki fallist á það með stefnanda að um hlutlæga ábyrgð stefnda sé að ræða vegna líkamstjóns sem stefndandi verður fyrir í starfi.

Gögn málsins bera með sér að stefndandi leitaði til læknis þegar í kjölfar þess atviks er varð á vinnustað hennar vegna verulegra eymsla í vinstri síðu og treysti sér ekki í skóla vegna þess. Í læknisvottorði E læknis, dagsettu 8. september 2015, undirrituðu fyrir hans hönd af F, yfirlækni heilsugæslunnar [...], er sjúkrasaga stefnanda frá [...]2014 rakin. Þar kemur fram að stefndandi hafi ítrekað komið til lækni skoðunar í nóvember 2014, verið ávísað lyfjum og vísað til sálfræðings. Í september 2015 hafi stefndandi enn þjáðst af verkjum og notað daglega lyf vegna þess. Stefnanda hafi þá verið vísað í sjúkrahjálfun og gefin ráð varðandi lyf og vísað að nýju til sálfræðings. Önnur læknisvottorð og tilkynningar um atvikið eru og til þess að renna stoðum undir að atvik hafi verið með þeim hætti sem stefndandi hefur lýst.

Móðir þjónustupeigans sem málið varðar, G, kom fyrir dóminn og kvað son sinn mjög alvarlega fatlaðan. Hann væri einhverfur og algerlega máhlamaður. Vitnið kvað son sinn hafa átt erfitt þetta [...] árið 2014. Hann hefði átt erfitt með allt og þá kvað vitnið yfirmann á staðnum ekki hafa staðið sig í starfi. Vitnið kannaðist við að hafa heyrt af því atviki er málið varðar og að stefnandi hefði eitthvað meitt sig. Vitnið H, fyrrverandi samstarfskona stefnanda hjá stefnda, kvaðst hafa verið að sinna sama einstaklingi og stefnandi á þeim tíma er atvik urðu. Vitnið kvaðst hafa vitað um atvikið og kvaðst sjálft hafa orðið fyrir árás af hendi þessa einstaklings en erfiðlega hefði gengið að fá yfirmenn til að tilkynna um slík tilvik. Vitnið kvaðst muna til þess að á tímabili hefðu strákar verið fengnir til að vera með starfsmönnum á vakt í öryggisskyni. [...], B, I kvað fyrir dómi umræddan þjónustupeiga mjög mikið fatlaðan og þurfa mann með sér. Vitnið kvað deildarstjóra og forstöðumenn stefnda heyra undir sig. Vitnið kvað umræddum skjólstaðingi stefnda hafa liðið illa á þessu tímabili og þáverandi forstöðumaður [...] hefði átt í vanda með að stýra starfseminni. Kvaðst vitnið hafa fengið tilkynningarnar um tjónsatvikið er málið varðar frá forstöðumanni, skrifað undir þær og sent en aðkoma sín að málum í raun hafa verið þá að kalla til aukagæslumann. Um leið og vanur forstöðumaður hefði komið til starfa hefði ástandið á staðnum róast, bæði þjónustupeiginn og starfsmenn.

Gögn málsins og framburður vitna fyrir dómi, samstarfskonu stefnanda, móður þjónustupeigans og deildarstjóra stefnda, er að mati dómsins til þess fallinn að renna stoðum undir málalíbúnað stefnanda hvað atvikið varðar. Verður því litið svo á að stefnanda hafi tekist sönnun fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem á er byggt þann [...] 2014 og tilvitnað ákvæði greinar 7.4.1 í kjarasamningi eigi við að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Krafa stefnanda um skaðabætur tekur mið af matsgerð C og D dagsettri 8. október 2019. Stefnandi hlutaðist sjálf til um öflun matsgerðarinnar.

Stefndi hefur mótmælt sönnunargildi matsgerðarinnar. Stefnda hafi ekki gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna við matið og mæta á matsfund. Sönnun um orsakatengsl sé ekki ótvíræð í matsgerðinni, sérstaklega í ljósi þess langa tíma sem leið frá atvikinu þar til matsgerðin var unnin og ekki hafi verið tekið fullnægjandi tillit til atvika í lífi stefnanda á þeim tíma, sérstaklega þess að hún hvarf aftur til fyrri starfa hjá stefnda og gekk með og eignaðist tvö börn auk þess sem stefndi telur að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi gögn við matið.

Matsmenn staðfestu matsgerð sína við aðalmeðferð málsins. Báðir kváðu þeir boðun lögmanns stefnda til matsfundar hafa farist fyrir. Meðal gagna málsins er að finna tölvupóst lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 17. október 2018, ásamt með matsbeiðni og fylgigögnum. Var stefnda þar boðið að senda athugasemdir til lögmanns stefnda sem kæmi þeim til matsmanna. Af hálfu stefnda var móttaka þessa tölvubréfs staðfest þann sama dag en engar athugasemdir gerðar við matsbeiðni eða gögn á því stigi.

Matsgerðin sjálf er unnin af þar til bærum sérfræðingum, lækni og lögfræðingi. Í matsgerðinni er lagt mat á þau atriði sem óskað er mats á og niðurstaðan rökstudd með vísan til gagna. Þar á meðal læknisvottorðs um heilsufar stefnanda fyrir atvikið þar sem fram kom að stefnandi hafði fram að því verið almennt heilsuhraust. Þá kemur og fram í matsgerðinni að bakverkir stefnanda hafi versnað verulega á meðgöngu 2019 en skánað og farið aftur í sama horf að meðgöngu lokinni. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað C lækni þá hafa legið skýrt fyrir við matið að stefnandi hefði gengið með tvö börn frá því að atvikið varð en það væri ekki til þess fallið að valda áverkum eins og lýst sé í matsgerðinni og stefnandi hefði verið með fyrir meðgöngu. Ekkert lægi fyrir annað en umrætt atvik sem gæti orsakað áverka stefnanda.

Það er mat dómsins að þrátt fyrir að stefndi hafi ekki verið boðaður sérstaklega til matsfundarins, eins og áður var rakið, hafi stefndi ekki bent á neitt það er máli skipti sem matsmenn hafi ekki tekið mið af í störfum sínum. Þá ber og til þess að líta að stefndi hefur ekki neytt heimildar 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til að bera álitnið undir örorkunefnd né óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til að fá matinu hnekkt og verður matsgerðin því lögð til grundvallar í málinu.

Stefndi gerir þá kröfu, verði fallist á bótaskyldu úr hans hendi, að við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku beri að taka mið af lágmarkstekjuviðmiði 3. mgr. 7. gr. skbl. Ósannað sé að önnur sjónarmið eigi við um stefnanda. Þá beri auk þess að líta til meðábyrgðar tjónþola á tjóni sínu.

Af dómaframkvæmd verður ráðið að þegar tjónþoli er við nám þegar slys verður en er ekki komin svo langt á veg að námslok séu fyrirjáanleg eigi regla 3. mgr. 7. gr. skbl. um lágmarkslaun við. Stefnandi var [...] ára menntaskólanemi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vann með námi. Stefnandi hafði áður unnið sumarstörf eins og títt er um ungmenni, við [...] og [...] og í [...] þar til hún réðst í það starf sem hún gegndi hjá stefnda. Eftir atvikið hefur stefnandi starfað við ýmis störf sem ekki krefjast sérstakar menntunar. Stefnandi hefur ekki lokið stúdentsprófi og ekki lagt stund á annað nám sem mætti nýtast henni í starfi. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á eða leitt líkur að því að tjón hennar hefði orðið annað og meira en þannig fáið bætt og verður því fallist á það með stefnda að við ákvörðun bóta beri að miða við reglu 3. mgr. 7. gr. og þar með þrautavarakröfu stefnanda.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar sem rennur í ríkissjóð, samtals 2.404.290 krónur. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans stefnanda, Hauks Freys Axelssonar, 2.008.800 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Annar málskostnaður stefnanda greiðist einnig úr ríkissjóði.

Bergþóra Ingólfssdóttir dómstjóri_kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, kr. 16.562.112,- með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af kr. 3.256.625,- frá [...]2014 til [...]2015 og af kr. 16.562.112,- frá þeim degi til 30. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Allt að fráðreginni greiðslu frá Tryggingamiðstöðinni hf. að fjárhæð kr. 5.544.380,- þann 22. október 2019 og að fráðreginni greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands að fjárhæð kr. 2.256.220 þann 13. desember 2019.

Stefndi greiði 2.404.290 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, Hauks Freys Axelssonar, 2.008.800 krónur.